

# STJÓRNARTÍÐINDI A 12 — 1981

25. maí 1981.

57

Nr. 27.

## L Ö G

um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Rétt til að kalla sig viðskiptafræðinga, hagfræðinga eða nota heiti, sem felur í sér orðin viðskiptafræðingur eða hagfræðingur, hafa þeir menn hér á landi, sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra. Þeir sem lokið hafa prófi úr viðskiptadeild Háskóla Íslands þurfa ekki slíkt leyfi ráðherra.

#### 2. gr.

Engum má veita leyfi það, sem um ræðir í 1. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í viðskiptafræði eða hagfræði við háskóla eða annan æðri skóla.

Þó má veita mönnum, sem starfað hafa sem viðskiptafræðingar eða hagfræðingar eigi skemur en sex ár, leyfi til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, enda þótt þeir fullnægi eigi prófskilyrðum þeim, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar.

Áður en leyfi er veitt samkv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar skal leita álits þriggja manna nefndar, sem menntamálaráðherra skipar á eftirfarandi hátt: Einn nefndarmaður samkv. tilnefningu Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga, annar samkv. tilnefningu viðskiptadeildar Háskóla Íslands og þriðji án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

#### 3. gr.

Ráðherra sker úr ágreiningi, sem rísa kann um notkun starfsheita, sem fela í sér orðin viðskiptafræðingur eða hagfræðingur.

#### 4. gr.

Hver sem notar heiti, er leyfi þarf til skv. lögum þessum, án þess að hafa fengið slíkt leyfi, skal sæta sektum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

#### 5. gr.

Með mál út af brotum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

#### 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 25. maí 1981.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Ingvar Gíslason.*

A 8